

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2018 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bærstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bærstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögnum leggja fyrir bærstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með samþykkt viðauka í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða.

Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bærstjórnar í þeim efnum.


FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur. Ekki þarf mikið til að áætlanir raskist gangi forsendur ekki eftir. Undanfarin ár hafa forsendur við gerð tekjuáætlunar bæjarins þó gengið nokkuð vel eftir enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á myndinni til hliðar má t.a.m. sjá hver áætlun útsvars þriggja síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs. Útsvar fyrir árið 2018 verður óbreytt eða 14,48%.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að íbúum í bænum muni fjölga um 1,8% á næsta ári og verði í árslok 2018 36.598 talsins, en það er varleg áætlun miðað við fjölgunina undanfarin ár.

Þegar þessi greinargerð er í vinnslu er ekki að sjá að stórir kjarasamningar séu lausir á næsta ári. Þann 1. desember 2017 verða samningar við kennara lausir. Frá því skammtíma samningur við þá var undirritaður fyrir um ári síðan hefur verið lögð vinna í að undirbyggja nýjan kjarasamning sem taka mun við af þeim sem er að renna sitt skeið á enda. Því má ætla að gengið verði frá nýjum samningi í desember 2017 eða í byrjun árs 2018. Ekki er vitað hvað þessir samningar munu kosta, en í áætlun 2018 hefur verið lögð til hliðar fjárhæð til að mæta hækkun þeirra.

Almennt gildir, að hækkun launa hefur bæði áhrif á útgjöld bæjarins og tekjur, en útsvar hækkar með hærri launatekjum. Útreikningar sem fjármáladeild bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkunir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana útkomu í ársreikningi. Áætlanir hafa staðist nokkuð vel og forsendur hafa verið varfærnar. Því hefur niðurstaðan undanfarin þrjú ár verið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Upphæðir eru í milljónum króna.

almennum hækkunum, þá fjármagna hækkunir á almenna markaðinum hækkunir hjá starfsmönnum bæjarins. Ef hins vegar það verður misvægi hér á, þá getur kostnaður auðveldlega farið úr böndunum.

Í tekjuhluta fjárhagsáætlunarinnar er gert ráð fyrir 6,5% hækkun launa í landinu á milli ára sem er áætluð hækkun launavísitölu í þjóðhagsspá Hagstofunnar og er sú forsenda notuð við útreikninga í tekjuáætlun bæjarins.

Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi og atvinnuþátttaka verði svipuð og á næsta ári, en vegna fjölgunar í bænum muni vinnuafli aukast eða um tæplega 570 manns.

Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir tekjulækkun vegna skattfrjálsrar úttektar af séreignasparnaði til lækkunar á húsnæðisskuldum, sem Alþingi samþykkti í lok árs 2013.

Í þjóðhagsspá sem gefin var út í maí 2017 er áætlað að verðbólga ársins 2018 verði um 2,7%. Yngri verðbólguþáttur benda hins vegar til þess að verðbólga á árinu 2018 verði eitthvað hærra en Hagstofuspáin frá því í vor. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands (3. Nóvember 2017) en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2017 verði 2,9%.


Í áætlun bæjarins fyrir 2018 er gert ráð fyrir að verð á almennri vöru og þjónustu lækki, en að matur lækki um 3,5%, orka lækki um 2,7% og innri leiga um 3,5%. Þá er gert ráð fyrir 2,7% almennri hækkun á alla tekjuliði (sem jafngildir aukningu tekna). Við mat á fjármagnsliðum er hér gert ráð fyrir að verðbólga verði 3,25%.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsenda er áætlað að útsvarstekjur ársins 2018 muni nema rúmum 21,2 milljörðum króna, sem jafngildir 8,5% hækkun frá útkomuspá fyrra árs en vænt útkoma ársins 2017 er tæpir 19,6 milljarðar króna.


FASTEIGNAGJÖLD

Á árinu 2017 voru álagningarhlutföll fasteignagjalda lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir lækkun á hlutfalli fasteignaskatts, holræsagjalds og vatnsskatts, óbreyttri lóðaleigu en hækkun sorphirðugjalds.

Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi um 5,9 milljörðum króna. Horft framhjá verðbreytingum á sorggjöldum, þá er reiknað með að hækkun fasteignagjalda á meðal íbúðareign í bænum verði á pari við áætlaðar verðbreytingar ársins, eða um 2,7%.



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlaðrar útkomu ársins 2017 og fjárhagsáætlunar 2018. Áætlað er að útsvarstekjur aukist um rúmar 1.670 m.kr. milli ára. Upphæðir eru í milljónum króna.



Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2017 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

FASTEIGNASKATTUR

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,255% í 0,23%, sem jafngildir tæplega 10% lækun á skatthlutfallinu. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist um 5,1% sem má að hluta rekja til hækkunar á fasteignamati en einnig magnaukningar, þ.e.a.s. áætlaðri fjölgun fasteigna í bæjarfélaginu. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar einnig á milli ára og verður 1,60%.

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur lækkar á milli ára úr 0,08% í 0,07% af fasteignamati. Aukavatnsgjald hækkar í samræmi við vísitölu fjárhagsáætlunar, eða um 2,7%.

HOLRÆSAGJALD

Holræsjald lækkar á milli ára úr 0,14% í 0,115% af fasteignamati.

SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjald hækkar úr 28.300 kr. í 33.300 kr. Hækkunina er að rekja til hækkana hjá Sorpu.

LÓÐALEIGA


Lóðaleiga á einingu íbúðarhúsnæðis verður óbreytt á milli ára, kr. 21,43 kr. Lóðaleiga atvinnuhúsnæðis lækkar einnig, úr kr. 190 kr./m² í kr. 185 á m².

JÖFNUNARSJÓÐUR


Hluti af áætlunum Jöfnunarsjóðs barst í lok október 2017 og er hækkun samkvæmt þeim færð inn til aukningar á tekjum við seinni umræðu um fjárhagsáætlun 2018. Önnur framlög eru skv. grófri áætlun.

LYKILTÖLUR

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið um 50% undanfarin ár, lægst farið í 46,3% árið 2013. Á næsta ári er áætlað að um 55,8% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri.




Á myndinni má sjá laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur. Þetta hlutfall liggur í kringum 50% - hefur lægst farið í 46,3% árið 2013 en er áætlað að verði 57,3% árið 2018.



Hér má sjá þróun launakostnaðar frá árinu 2012. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.


Launakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Frá árinu 2010 hefur stöðugildum hjá bænum fjölgað um 185, samkvæmt Árbók sveitarfélaga. Áætlað er að launakostnaður aukist um 1.076 m.kr. á milli ára sem er töluverð hækkun sem helst má rekja til mikilla launahækkana vegna kjarasamninga.



Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli við rekstrartekjur breytist aðeins og verður þannig að um 30,1% af heildartekjum A-hluta bæjarsjóðs fara í vöru- og þjónustukaupaliði í rekstri málaflokka bæjarins.


Á myndinni má sjá annan rekstrarkostnað í hlutfalli við rekstrartekjur. Árið 2018 er gert ráð fyrir að 30,1% skatttekna fari í annan rekstrarkostnað málaflokka.

Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa fara lækkandi. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.




Skuldir án skuldbindinga fara lækkandi. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 109 þús.kr.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 703 þús.kr. á íbúa á næsta ári.



Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 703 þúsund krónur árið 2018.

VELFERÐARVIÐ

LYKILTÖLUR Í REKSTRI/HELSTU BREYTINGAR

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Þrátt fyrir að fjárhagsaðstoð hafi aukist talsvert eftir hrun og alveg til og með 2014 virðist ákveðnum stöðugleika nú náð.

Fjárhagsaðstoð fer jafnt og þétt lækkanði. Áætlaður kostnaður 2018 er 224 m.kr. en var 253 m.kr. skv. áætlun 2017. Vænt útkoma fyrir núliðandi ár er einnig undir áætlun fyrir árið. Það má að hluta rekja til batnandi atvinnuástands en einnig til breytt verklaags. Mikil áhersla er nú á að vinna með einstaklinga og aðstoða þá við að komast í vinnu, endurhæfingu eða á örorku. Áhersla er m.a. lögð á úrræði atvinnuvers, í þeim tilgangi að þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar fái aðstoð til þátttöku í atvinnulífinu eða viðeigandi endurhæfingu.

Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar hækki um ríflega 6% í samræmi við hækkanir í nágrannasveitarfélögum. Gert er ráð fyrir fækkun þeirra sem njóta aðstoðar þannig að áætluð fjárhagsaðstoð verði 30 m.kr. lægri á árinu 2018 en árið 2017.


SÉRSTAKUR HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR

Um áramótin 2016/2017 tóku gildi ný lög um húsnæðisstuðning þar sem eldri lög um húsaleigubætur féllu úr gildi en við tóku lög um sérstakan húsnæðisstuðning sem er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem leigja á almennum markaði og eru ekki á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa og þungrar framfærslubyrðar

Í áætlun er tekið mið af viðamiklum breytingum á húsnæðisbótakerfinu, sbr. ný lög um húsnæðisbætur sem tóku gildi á árinu. Samkvæmt lögnum flyst stjórnslá og umsýsla með almennum húsnæðisbótum frá sveitarfélögum til ríkisins, en sveitarfélögin sjá áfram um greiðslu á sérstökum húsaleigubótum, eða sérstökum húsnæðisstuðningi eins og það er nú kallað. Gert er ráð fyrir að framlag Kópavogsbæjar vegna sérstaks húsnæðisstuðnings á næsta ári verði 135 m.kr.

Sveitarfélög geta varið framlaginu, sem áður var greitt í formi hlutdeildar í húsaleigubótum (40%), annars vegar til að greiða út



Þessi mynd sýnir uppreiknaðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar og sérúrræða, að frádregnum niðurgreiðslum vegna leikskólagjalda og styrkjum til líknarfélaga, en að viðbættum sérúrræðum í barnavernd. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Áætlað 2018	Áætlað 2017	2016 raun	2015 raun	2014 raun	2013 raun
224	253	231	281	297	308

Þessi tafla sýnir hver fjárhagsaðstoðin var á árunum 2013-2016 og hvaða upphæð er áætluð í fjárhagsaðstoð á árunum 2017-2018. Upphæðir eru í milljónum króna.

sérstakan húsnæðisstuðning til leigjenda og einnig með því að kaupa inn íbúðir inn í félagslega íbúðakerfið.

Reiknað er með að verja tæplega 80 milljónum útgreiðslu bóta og 55 milljónum til kaupa á íbúðum.

BARNAVERND

Vistheimili er rekið skv. 84. gr. barnaverndarlaga og veitir börnum móttöku í neyð. Þjónustusamningur er við vistheimilið en í júní 2017 en var samningnum sagt upp og farið fram á umtalsverða hækkun. Niðurstaðan varð 48% hækkun á greiðslum vegna samningsins. Samningur er í gildi til 15. janúar 2018 og er gert ráð fyrir hækkun um kr. 9.200.000 á þessum lið á næsta ári.

Vistgjöld eru launagreiðslur til fósturforeldra og framfærsla barna sem eru í tímabundnu, varanlegu eða styrktu fóstri. Um 40 börn eru í fóstri á vegum barnaverndar Kópavogs en börn fara ekki í fóstur nema að úrræði á heimilum þeirra séu fullreynd. Kröfur fósturforeldra um launagreiðslur hafa hækkað og fósturforeldrar fá stuðning fyrir kjarabaráttu sinni m.a. í gegnum félag fósturforeldra. Samhliða þeirri þróun er skortur á fósturforeldrum sem setur starfsmenn barnaverndar í erfiða stöðu þegar leitað er að fósturforeldri fyrir barn. Áætlað er að kostnaðurinn við þennan lið verði kr. 90.000.000 á árinu 2018 sem er hækkun um kr. 20.000.000 og búið er að gera ráð fyrir þeirri hækkun á þessum lið á næsta ári.

Í janúar 2017 var stöðugildi félagsráðgjafa flutt úr ráðgjafa- og íbúðadeild í barnavernd. Einnig verður aukið um 0,5 stöðugildi sálfræðings á árinu 2018 í barnavernd.

HEIMAÞJÓNUSTA

Hver skammtur af heimsendum mat til aldraða í Kópavogi lækkar á milli ára, úr 1.010 kr. í 810 kr. Að meðaltali hafa verið seldir um 50 skammtar á dag alla daga ársins en það er aukning um tæplega 15 skammta á dag frá árinu 2015.

Fjölgað verður um tvö stöðugildi í heimaþjónustunni, annars vegar bætist við iðjubjálfi í fullt starf og hins vegar ófaglærður starfsmaður í fullt starf.

Í þjónustudeild aldraðra er verið að taka í gagnið heimaþjónustukerfið CareOn sem mun halda utan um allar þjónustuáætlanir þeirra starfsmanna sem sinna heimaþjónustu. Allir starfsmenn hafa fengið afhentan síma sem notaður er eingöngu fyrir CareOn, en þar hefur hver starfsmaður rafrænan verkefnalista yfir þau heimili sem hann á að sinna á hverjum degi og hvaða þjónustu á að veita hverjum. Öll framkvæmd er í rauntíma þannig að ef breyting verður á þjónustu er hún færð inn

í kerfið og uppfærast upplýsingar um leið í síma viðkomandi starfsmanns. CareOn símarnir verða jafnframt notaðir til að skanna auðkenni inni á hverju heimili þegar starfsmaður kemur og fer. Með því er hægt að sjá hversu langan tíma hver heimsókn tekur og auðveldara verður að gera tímaáætlanir fyrir hvert heimili. Með innleiðingu CareOn verður mun auðveldara að halda utan um þjónustuna og tryggja að breytingar komist fljótt og vel til skila hverju sinni, bæði til þjónustuþega sem og starfsmanna. Með upptöku CareOn kerfisins munu því öryggi og gæði þjónustunnar aukast. Áætlað er kr. 10.100.000 í innleiðingu kerfisins á næsta ári.

FERÐAÞJÓNUSTA

Í áætlun 2018 er gert ráð fyrir 9.000 ferðum daggesta til og frá dagdeild Roðasala sem er fjölgun um 2.000 ferðir á ári frá árinu 2015. Gert er ráð fyrir að kostnaður bæjarins verði 2.000 kr. á hverja ferð á næsta ári.

ÞJÓNUSTUDEILD FATLAÐRA

Árið 2018 er áttunda árið sem sveitarfélög annast og bera ábyrgð á þjónustu við fatlaða, eftir yfirfærslu málaflokksins í byrjun árs 2011. Málaflokkurinn fer ört stækkandi sem má aðallega að rekja til fjölgunar á notendum þjónustunnar, sérstaklega í liðveislu, enda voru biðlistar eftir þjónustu mjög langir þegar málaflokkurinn var tekinn yfir. Kostnaður vegna félagslegrar þjónusta við fatlaða; liðveislu og frekari liðveislu hefur aukist um meira en 91% frá árinu 2012. Mikil þörf er á þessari þjónustu og því líklegt að þessi kostnaður eigi eftir að aukast hlutfallslega enn frekar á næstu árum.


LIÐVEISLA OG FREKARI LIÐVEISLA

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir 0,5 stöðugildi vegna NPA ráðgjafa en hlutverk hans felst meðal annars í sjá um NPA samninga, komi til lögfestingar NPA. Ráðgjafi mun halda utan um alla samninga, veita ráðgjöf til notenda og sjá um umsýslu fyrir notendur sé eftir því leitað að sveitarfélagið sé umsýsluaðili. Slík umsýsla felur m.a. í sér ráðningu aðstoðarfólks, gerð vaktaskipulags og starfsmannamál.

TILFÆRLSA/BREYTING Á STÖÐUGILDUM Í BÚSETU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Í Kópavogi eru rekin átta heimili og íbúðakjarnar fyrir fatlað fólk þar sem búa 52 einstaklingar. Auk þess rekur sveitarfélagið eitt áfangaheimili fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2018 er heildarfjöldi stöðugilda á þessum stöðum samtals 72,45.

Á næsta ári mun verða aukning um 0,5 stöðugildi við sambýlið við Vallagerði.



Á myndinni má sjá uppreiknaðan heildarkostnað vegna liðveislu og frekari liðveislu, en kostnaður hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár. Heildargreiðslur vegna málaflokksins eru áætlaðar 244 m.kr. árið 2018. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Hæfingarstöðin við Fannborg var lögð niður á árinu 2017 og hefur Kópavogsbær gert samning við Ás styrktarfélag um vinnu fyrir fatlaða starfsmenn. Fostöðumaður sem áður var að veita báðum hæfingarstöðvunum forstöðu mun eftir lokun Fannborgar einungis veita forstöðu á Dalvegi.

RÁÐGJAF- OG ÍBÚÐAEILD

Húsnæðið að Nýbýlavegi 30, sem Kópavogsbær keypti árið 2016, verður tekið í notkun á árinu 2018. Úrræðið er áfangaheimili fyrir 8 einstaklinga sem glíma við vanda af ólíkum toga en eiga það sammerkt að þurfa stuðning og aðstoð til þátttöku í venjubundnu lífi með virkni, námi eða starfi og til að auka persónulega færni sína til sjálfstæðs heimilishalds. Áætlað í fjárhagsáætlun 2018 vegna áfangaheimilisins eru kr. 32.000.000.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirbyggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig.

HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁÆTLANA

GRUNNSKÓLADEILD

Gjaldskrá vegna mótuneyta og dægradvala hækka um 2,7%.

Kennslulaun taka m.a. mið af fjölda nemenda og aldursamsetningu í hverjum skóla. Auk þess tekur úthlutun mið af sérþörfum nemenda, t.a.m. vegna sértækra greininga og nemenda sem falla undir viðmið jöfnunarsjóðs.

Vegna álags og fjölgunar stjórnunartengdra verkefna er gert ráð fyrir aukinni úthlutun vegna stjórnunar í grunnskólum, 20 m.kr. Upphæðin dreifist hlutfallslega milli skóla eftir stærð þeirra.

Gert er ráð fyrir 5 m.kr. til þess að efla upplýsingaver skólanna, sem er m.a. liður í innleiðingu stefnumótunar um læsi og málþroska. Fjármagninu verður m.a. varið til innkaupa á bókum og rafrænum gögnum, vegna fræðslu um læsi og málþroska til foreldra og starfsmanna auk kostnaðar vegna skimunarprófa.

Lagt er til að sálfræðiþjónusta verði aukin í tveimur áföngum. Gert er ráð fyrir aukningu um 18 m.kr. á árinu 2018.

Einhverfudeild við Álfhólsskóla rúmar ekki fleiri nemendur en hún gerir nú. Því er gert ráð fyrir stofnun nýrrar deildar fyrir einhverfa nemendur við Salaskóla. Gera þarf ráð fyrir stofnkostnaði 1,5 m.kr. Að öðru leyti er kennslukostnaður vegna nemenda við einhverfudeild í samræmi við úthlutunarreglur og hækkar í samræmi við fjölgun nemenda.

Gert er ráð fyrir 2,5 m.kr. til að verja í verkefni sem stuðla að styrkingu samfellu milli skólastiga í samræmi við nýlega skýrslu vinnuhóps um efnið.

Gert er ráð fyrir 5 m.kr. vegna dægradvala/frístundar til að styðja stöðugleika í starfsmannahaldi og bæta aðbúnað og aðföng í dægradvölum í samræmi við stefnumótun.

Gert er ráð fyrir 2 m.kr. til handleiðslu fyrir nýja kennara samkvæmt umbótaáætlun vegna bókkunar 1.

Vegna vinnu við samþættingu á stefnum fastanefnda menntasviðs er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu, 7 m.kr.

LEIKSKÓLADEILD

Leikskólagjöld hækka um 2,7%.

Gert er ráð fyrir 5 m.kr. aukningu á sjóð sem ætlaður er til endurnýjunar og viðhalds á búnaði í leikskólum.

Vegna álags, veikinda og annarskonar vanda sem snýr að starfsmannahaldi leikskóla er gert ráð fyrir 120 m.kr. Starfandi er vinnuhópur leikskólastjórnenda og menntasviðs sem vinnur að því að móta tillögur um hvernig brugðist verði við álagi og mannekle. Forsendur og viðmið þarf að skilgreina.


Vegna kynningar á starfi leikskóla er gert ráð fyrir 2,5 m.kr. Markmiðið er að auka jákvæða umfjöllun, kynna starfsemi og bæta ímynd.

Gert er ráð fyrir að frá 1. janúar 2018 verði stuðst við viðmiðunargjaldskrá Sambandsins vegna framlaga til einkaleikskóla vegna barna með lögheimili í Kópavogi.

ÍÞRÓTTA-, FRÍSTUNDA- OG FORVARNADEILD

FRÍSTUNDASTYRKUR

Kópavogsbær greiðir frístundastyrk með öllum börnum í Kópavogi á aldrinum 5-18 ára sem taka þátt í skipulögðu íþrótta- og tómsundastarfi. Frístundastyrkurinn var hækkaður úr 15.000 kr. í 30.000 kr. haustið 2014 samhliða því sem styrkurinn var jafnframt látinn ná til tónlistarnáms og sjálfstyrkingarnámskeiða ýmis konar. Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að frístundastyrkur á



Á myndinni má sjá greiðslur vegna frístundastyrkja barna í Kópavogi á uppreiknuðu verðlagi. Upphæðir eru í milljónum króna.

hvert barn hækki í 50.000 kr. á árinu 2018. Greiðslur vegna frístundastyrkja barna í Kópavogi hafa því farið ört hækkandi á síðustu misserum og er áætlað að greiðslur næsta árs nemi 232 m.kr. sem er hækkun um 35 m.kr. á milli ára.

SUNDLAUGAR

Kópavogsbær tekur við rekstri sundlaugar í Boðarþingi, en síðustu 4 árin hefur laugin verið rekin af Hrafnistu/DAS. Með nýtingu laugarinnar undir skólasund léttir á álagi Salalaugar jafnframt því sem gert er ráð fyrir svipaðri þjónustu og verið hefur fyrir íbúa í Vatnsendahverfi og verið hefur .

Gert er ráð fyrir um 11% aukningu í beinum tekjum sundlauganna frá fyrra ári. Í takt við bætta lýðheilsu eru íbúar hvattir til aukinnar sundiðkunar með því að leggja áherslu á lækkað verð pr. ferð í réttu hlutfalli við aukna ástundun.

Gert er ráð fyrir að breyting á gjaldskrár sundlauga skili um 2,7% hækkun á tekjum ársins 2018. Stakt gjald hækkar úr 800 kr. í 850 kr. á sundferð. Annað breytist ekki.

ÍPRÓTTAMANNVIRKI, BÚNAÐAR- OG TÆKJAKAUP

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var framlag til búnaðarkaupa í íþróttamannvirkum hækkað um 13 m.kr. Mikil endurnýjunarþörf er á búnaði og því nauðsynlegt að auka framlagið. Íþróttadeild forgangsraðar innkaupum sbr. 4 ára áætlun deildarinnar þar um. Gert er ráð fyrir 11% aukningu á tekjum af útleigu íþróttahúsa deildarinnar sem og framlagi bæjarsjóðs á móti . Jafnframt er gert ráð fyrir 2,7 % hækkun á gjaldskrár íþróttahúsa og knatthalla sem tekur gildi frá 1. september 2018.

Gert er ráð fyrir kaupum á hluta af hlífðargólfi fyrir gervigras vegna sýninga og annarra viðburða í knatthöllum bæjarins sem og verkefna undir vinnuheitinu „Skemmtilegari sundlaugar“, 60 m. kr.

SAMSTARFSVETTANGUR

Með stofnun samstarfsvettvangs íþróttafélaganna í Kópavogi (SÍK) var gert ráð fyrir að ákveðin verkefni yrðu færð yfir til hans. Gert er ráð fyrir að það gangi eftir á árinu 2018 og því eru starfsstyrkir, sérstyrkir og afrekssjóður teknir saman og afhentir SÍK til umsjónar í kjölfar undirritunar samnings þar um. Til úthlutunar á árinu 2017 voru kr. 32,5 m.kr. sem hækkar í 33,2 m.kr. Jafnframt var gert ráð fyrir 0,5 stöðugildi starfsmanns SÍK og að aðstaða fyrir vettvanginn verði tekin frá í Fagralundi og er svo enn.

ÞJÓNUSTUFRAMLAG TIL ÍPRÓTTAFÉLAGA – REIKNILÍKAN ENDURSKOÐAÐ

Við endurskoðun reiknilíkans voru eftirfarandi forsendur lagðar til grundvallar þjónustuframlagi til viðkomandi íþróttafélaga: Íþróttafélagið rekur eitt eða fleiri mannvirki í eigu Kópavogsbæjar með rekstrarsamningi þar um. Félagið er fjölgreinafélag og starfar í Kópavogi. Félagið hefur yfir 1.200 iðkendur á aldrinum frá 4 ára til 19 ára.

UMHVERFISVIÐ

FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir tæpa 3,8 milljarða króna á næsta ári í staðinn fyrir ríflega 2,3 milljarða króna á yfirstandandi ári.

LEIKSKÓLAR

Á þessu kjörtímabili var ákveðið að gera sérstakt átak í endurnýjun leikskólalóða og hefur á síðustu árum verið unnið eftir framkvæmdaráætlun sem ber heitið „Skemmtilegri leikskólalóðir“. Á næsta ári verður sú upphæð hækkuð um 33% og fer í 40 m.kr. í stað 30 m. kr. síðustu ár. Þá verður einnig gert átak í að bæta hljóðvist leikskólanna og verður sömu upphæð eða 40 m.kr. varið í það verkefni. Þá verður hafist handa við hönnun á nýjum leikskóla en endanleg staðsetning liggur ekki fyrir. Þessu til viðbótar má nefna að búið er að ákveða að flýta endurnýjun á tölvukosti leikskólanna og er sú vinna þegar hafin.

GRUNNSKÓLAR

Hafist verður handa við byggingu á nýjum Kársnesskóla við Skólagerði og verður 1,5 milljarði króna varið í það verkefni á næstu þremur árum. Þá verður 100 milljónum króna varið í fjölgun kennslustofa í Hörðuvallaskóla, upplýsingarver og stækkun skólalóðar. Eins og í leikskólunum þá var hrundið af stað átaki í endurnýjun á lóðum grunnskólanna „Skemmtilegri grunnskólalóðir“. Í það verkefni hefur verið varið 50 m.kr. á ári og það sama mun eiga við á árinu 2018. Í Kópavogsskóla og Smáraskóla eru eingöngu móttökueldhús en þeim mun verða breytt í framleiðslueldhús svo að hægt verði að elda á staðnum. Byrjað verður á Kópavogsskóla og verður 40 m.kr. varið til verkefnisins á næsta ári en 60 m.kr. árið 2019 í Smáraskóla. Verða þá allir grunnskólar Kópavogs komnir með fullbúið framleiðslueldhús. Í Vatnsendaskóla voru 4 nýjar kennslustofur teknar í notkun núna í haust í upphafi skólaárs en 50 m.kr. verður varið á árinu 2018 til lúkningar á því verkefni. Við Álfrólfskóla

verður varið 140 m.kr. á næsta ári í nýja byggingu undir skólahljómsveit Kópavogs en áætlað er að taka það húsnæði í notkun á árinu 2019.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Unnið hefur verið að byggingu á nýju íþrótta- og fimleikahúsi við Vatnsendaskóla og eru framkvæmdir nokkurn veginn samkvæmt áætlun og þessa dagana er verið að fara yfir tilboð í ný áhöld í húsið. Á yfirstandandi ári var 450 m.kr. varið til verkefnisins en áætlað er að 370 m.kr. munu fara í það á árinu 2018, gert er ráð fyrir að húsið verði tekið í notkun í mars sama ár.

Um áramótin verður sett nýtt gervigras á Kórinn og fellur hluti greiðslunnar á árið 2017 og 50 m.kr. á árinu 2018, reiknað er því með að hægt verði að spila á nýju gervigrasi í Kórnum strax í janúar. Einnig verður farið í að bæta bílastæðaaðstöðu austan við Kórinn og komið á tengingu við Markaveg. Þá er hafist handa við hönnun og undirbúning hitakerfis undir gervigras utanhúss við Kórinn. Þá eru áætlaðar 140 m.kr. í endurnýjun á gervigrasi í Fagralundi.

Farið verður í talsverðar framkvæmdir í sundlaug Kópavogs, þar sem ráðist verður í endurnýjun á anddyri laugarinnar og endurnýjun á gufubaði. Þá fara 46 m.kr. í nýjan golfskála GKG sem er greiðsla skv. samningi og er það næstsíðasta greiðsla skv. honum.

AÐRAR EIGNIR

Hvað varðar aðrar eignir bæjarins þá ber hæst að nefna að varið verði 200 m.kr. í kaup á félagslegu húsnæði en þessir fjármunir eru hugsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu. Þessi samningur við Íbúðalánasjóð gefur svigrúm til stórátaks í fjölgun í félagslega íbúðakerfinu sem gæti skilað því að hægt væri að kaupa allt að 40 íbúðir á árinu 2018.

Bæjarskrifstofur Kópavogs fluttu úr Fannborg 2 yfir á Digranesveg 1 á árinu 2017. Gera má ráð fyrir að um 900 m.kr. fái fyrir gömlu bæjarskrifstofunnar, er þá gert ráð fyrir að Fannborg 4 og 6 verði einnig selt. Verið er að ljúka framkvæmdum við breytingar á Digranesvegi 1 og er áætlað í það verkefni allt að 60 m.kr.

Vegna uppbyggingar á nýju hverfi í Glaðheimum var nauðsynlegt að selja þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar og því var keypt nýtt hús undir hana í Askaland, eru áætlaðar 60 m.kr. í endurbætur á lóð og húsi.

NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI

Í september árið 2016, var undirritað samkomulag við ríkið um stækkun Boðapings og átti það verkefni að fara af stað strax í kjölfarið. Þegar á reyndi töldu fulltrúar ríkisins að ekki væri hægt að nota sama arkitekt og var að húsinu þrátt fyrir að alltaf hafi verið reiknað með þessari nýju álmu frá upphafi. Þegar útboð á hönnun var í undirbúningi krafðist arkitekt hússins lögbanns á verkið. Nú er svo komið að deilan er að fara fyrir dómstóla sem veldur ómældum tögum.

ÍBÚALÝÐRÆÐI

Haldið verður áfram með íbúalýðræðisverkefnið „Okkar Kópavogur“ þar sem íbúar ákveða sjálfir tiltekin verkefni sem dreifast um allan bæinn. Á árunum 2018 og 2019 verða 200 m.kr. varið í verkefnið.

VIÐHALD GATNA OG UMFERÐARÖRYGGI

Varið verður 110 m.kr. í yfirlagnir á götum bæjarins þ.e.a.s. þar sem nýtt malbik er lagt ofan á gamalt malbik. Þá mun 90 m.kr. verða varið í gatnagerð á Kársnesi, 100 m.kr. í gatnagerð á Rjúpnahæð og Nónhæð, þá verður framkvæmt fyrir 480 m.kr. í gatnagerð á þéttingasvæðum við Glaðheima og nýtt hverfi fyrir ofan Smáralind, Smárann 201. Í framkvæmdaáætlun Kópavogsbæjar má líka sjá aukna áherslu á umferðaröryggisráð þar sem 45 m.kr. verður varið í hraðahindrandi aðgerðir og „grænar gönguleiðir“, þar sem aðalgangbrauta við skóla verða merktar á áberandi hátt. Þá verður 95 m. kr. varið í göngu- og hjólréiðastíga.

REKSTUR – VIÐHALD MANNVIRKJA

Í fjárhagsáætluninni er bætt við 100 m.kr. í ýmis viðhaldsverkefni á eignum bæjarins og nemur heildarupphæðin 490 m. kr.

Á næstu árum er nauðsynlegt að verja a.m.k. 200 m.kr. til viðbótar á ári í viðhald fasteigna og annara mannvirkja bæjarins. Bæjarráð hefur falið umhverfissviði að vinna skýrslu þar sem farið er yfir öll mannvirki bæjarins sem eru um 80 og gera úttekt á því hversu mikil viðhaldspörfin er á næstu árum og forgangsraða verkefnum með tilliti til þess.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs bæjarins og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Rekstur deilda stjórnsýslusviðs

hefur nánast staðið í stað undanfarin ár en minnkað að raungildi þegar fjárhæðir eru reiknaðar til verðlags 2018. Á sama tíma hefur rekstur bæjarins aukist verulega, ný verkefni orðið til, stofnunum fjölgað, nemendum fjölgað á leik- og grunnskólum og íbúum bæjarins fjölgað.

Hluti þeirra útgjalda sem færast á sameiginlegan kostnað er utan reksturs stjórnisýslusviðs og hefur bærinn lítil áhrif á þau útgjöld. Sem dæmi má nefna rekstrarframlag til lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar eða liðir eins og áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins.

Á árinu 2016 var ákveðið að innkaupastjóri bæjarins myndi flytja um set af umhverfissviði og í fjármáladeild. Þessi breyting skýrir stærsta hluta breytinga hjá þeirri deild.

INNRA EFTIRLIT


Samkvæmt skipuriti Kópavogsbæjar frá árinu 2011 er gert ráð fyrir innri endurskoðun.

Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hafi sett upp innri endurskoðun í starfsemi sinni. Þegar innri endurskoðun ruddi sér til rúms var litið svo á að megin viðfangsefni hennar fælist í eftirliti með reglum og fyrirmælum á sviði fjárhags og bókhalds. Í dag er jafnframt lögð áhersla á að innri endurskoðun sé hluti af því að tryggja sem mestan árangur í starfsemi viðkomandi aðila (Ríkisendurskoðun, 1999). „Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í því að ná markmiðum sínum.“ (KPMG, 2007)

UT-DEILD

Sérstök Verkefnastofa, sem heyrir undir UT-deild, var stofnuð á árinu 2015. Verkefnastofa sinnir aðallega verkefnum sem tengjast upplýsingatækni, en almenn notendabjónusta er einnig starfrækt í deildinni sem áður. Á árinu 2018 er lagt til að staða kerfisstjóra á Verkefnastofu verði gerð að stöðu Verkefnastjóra í gagnavinnslu. Rökin fyrir því að skilgreina sérstaka stöðu Verkefnastjóra í gagnavinnslu er að mikil vinna er framundan í þróun á auknu gagnaöryggi og samþættingu lausna.

Árið 2018 mun vera óvenju þungt í endurnýjun útstöðva. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi 571 tölvur m.v. 5 ára nýtingu búnaðar. Einnig er gert ráð fyrir því að skipta út einni stórrí viðskiptalausn en það er Leikskólakerfi Kópavogsbæjar. Önnur stór verkefni sem má nefna eru tengd íbúagátt bæjarins, áframhaldandi uppbygging Vöruhúss gagna, samþætting hugbúnaðarlausna, innleiðing á



samskiptakerfinu Workplace og innleiðing á Office 365 til að tryggja bætt öryggi gagna.

Áætlaður kostnaður næsta árs er 362 m.kr. sem deilist út á deildir og stofnanir bæjarins.

MENNINGARMÁL

Heildarframlög til þessa málaflokks hækka um 1,8% á milli ára þrátt fyrir að starfsemi Tónlistarsafns Íslands hafi verið flutt frá bænum til Landsbókasafns Íslands á árinu 2017. Ástæðan er sú stefna að skerpa áherslurnar í menningarmálum.

Hjá bókasafni Kópavogs er helsta breytingin sú, að stefnt er á að kaupa sjálfsafgreiðsluvél til að tryggja skilvirkari afgreiðslu og þjónustu gagnvart notendum og aðlaga sig breyttum áherslum í safnastarfi. Í Héraðsskjalasafni bætist við stöðugildi til að mæta auknum verkefnum sem tilkomin eru vegna flutninga bæjarskrifstofu úr Fannborg og innleiðingu nýrra verkefna innan málaflokksins.

Í Salnum tónlistarhúsi verður tekið fyrsta skrefið í endurnýjun tækjabúnaðar sem kominn er til ára sinna. Til verkefnisins eru ætlaðar kr. 6.300.000 árið 2018.

Framlög til menningarsjóðs (05-812) eru aukin verulega, en hluti þessara auknu framlaga eru merkt til ákveðinna verkefna á árinu 2018, má hér nefna sem dæmi þau framlög vegna 17. Júní hátíðarhalda, sem hafa verið merkt vörukaupum og styrkjum, en þessi framlög á að nota áfram til 17. júní hátíðarhalda. Hugmyndin er að með þessari samþættingu megi hugsanlega samnýta betur fjárframlög til menningarhúsa bæjarins.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Lang stærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera kr. 2.234 milljónir. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn er nú miðað við sömu vexti og gert var vegna 2018 og reiknað með að verðbólga verði 3,25%.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2017 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið.

TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu og Lánasjóði sveitarfélaga.

VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Við útreikning vaxta- og verðbóta er reiknað með að verðbólga verði 3,25%. Eins og áður hefur verið sagt benda yngri verðbólguþáttur til þess að verðbólga á árinu 2018 verði heldur lægri en skv. Þjóðhagsspá Hagstofu frá því í vor. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands, en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2018 verði 2,9%.

Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árinu 2018 nema þá í tengslum við hugsanlega endurfjármögnun lána sem hefði ekki áhrif á heildar skuldastöðu en myndi lækka fjármagnskostnað.

Í þessari áætlun er horft framhjá gengismuni eins og áður. Því munu bein áhrif gengisbreytinga hafa óveruleg áhrif á skuldir bæjarins að öðru leiti en því hvernig þær skila sér í hækkaðri vísitölu neysluverðs.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs er gert ráð fyrir 4% hækkun tekjum á milli ára. Miðað er við að húsaleigutekjur hækki um 2,5% en að húsgjöld í áætlun hækki í samræmi við rauntölur, en þau hafa hækkað meira en áætlað var.